

Búsvæðavernd í Skerjafirði innan marka Kópavogsbæjar

Samningur um umsjón og rekstur

1. gr.

Samningsaðilar.

Umhverfisstofnun, kt. 701002-2880, Kópavogsbær kt. 700169-3759 og Náttúrufræðistofa Kópavogs í umboði Kópavogsbæjar, gera með sér samning um umsjón og rekstur verndarsvæðis Skerjafjarðar innan marka Kópavogsbæjar í samræmi við 30. gr. laga um Náttúruvernd nr. 44/1999. Friðlýst eru tvö svæði, annars vegar í Kópavogi (39 ha) og hins vegar í Fossvogi (23,6 ha), alls um 62,6 ha svæði sem mikilvæg búsvæði fugla skv. 3. tölulið 53. greinar og 54. greinar laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Skerjafjarðarsvæðið í heild hefur alþjóðlegt verndargildi vegna farfuglategunda, svo sem rauðbrystings og margæsar en þar er að finna lífríkar þangfjörur, leirur og grunnsævi sem skapa undirstöðu fyrir afar fjölbreytt fuglalíf allan ársins hring. Einnig er svæðið mikilvægt vegna marhálms og sjávarfitjungs sem hafa takmarkaða útbreiðslu hér á landi, en marhálmur er ein aðal fæða margæsar. Í Fossvogi og Kópavogi er stór hluti af leirum á Skerjafjarðarsvæðinu.

Fræðslugildi svæðisins er hátt með tilliti til lífríkis og aðgengi að svæðinu er gott. Strandlengjan er vinsæl til útivistar og í Fossvogi eru iðkaðar siglingar og annað sjósport.

Við ákvörðun um friðlýsinguna var höfð hliðsjón af samningnum um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979, sbr. Stjórnartíðindi C 17/1993), samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Río de Janeró 1992, sbr. Stjórnartíðindi C 3/1995) og samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1971, sbr. Stjórnartíðindi C 1/1978). Einnig voru ýmis lög og reglugerðir á Íslandi höfð til hliðsjónar s.s. lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004, lög um varnir gegn mengun sjávar nr. 32/1986 og reglugerð um fráveitur og sorp nr. 798/1999.

2. gr.

Markmið samningsins.

Markmið samningsins er að umsjón og rekstur búsvæðisins sé í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 44/1999 og reglur hins friðlýsta svæðis í samræmi við auglýsingu um friðlýsinguna.

3. gr.

Mörk hins friðlýsta svæðis.

Verndarsvæðið sem hér er lýst er hluti af friðun Skerjafjarðar. Friðlýsingin tekur til tveggja svæða frá bæjarmörkum Kópavogsbæjar og grannsveitarfélaganna Garðabæjar, Sveitarfélagsins Álftaness og Reykjavíkur yfir strönd, fjöru, grunnsævi og sjávarbotn. Efri mörk verndarsvæðanna liggja við land og fjörumörk norðan og sunnan megin Kársness.

Mörk svæðanna eru nánar skilgreind í hnitatöflum og á meðfylgjandi uppdrætti í fylgiskjali og er heildar flatarmál þeirra 62,6 ha.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including what appears to be 'AM' and 'SS'.

Hnitaskrá - Kópavogur

| Nr. | X | Y |
|-----|--------------|------------|
| 1 | - 20899.9950 | 13249.9970 |
| 2 | - 22000.0030 | 13540.0000 |
| 3 | - 22800.0000 | 13540.0000 |
| 4 | - 22494.6834 | 13970.1326 |

Hnitaskrá - Fossvogur

| Nr. | X | Y |
|-----|--------------|------------|
| 5 | - 21704.6763 | 14627.2266 |
| 6 | - 21704.6763 | 14920.0000 |
| 7 | - 20849.9950 | 14920.0000 |
| 8 | - 20698.3323 | 14770.3396 |

4. gr.

Umferð á verndarsvæðinu.

Almenningi er heimil för um hið friðlýsta svæði og er öllum skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið.

Lausaganga hunda er óheimil á svæðinu.

Eigendum og umráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma t.d. með því að hengja bjöllu á kettina og eftir atvikum takmarka útiveru þeirra skv. samþykkt um kattahald í Kópavogi.

Umferð vélknúinna vatnatækja s.s. sjókatta, er óheimil innan svæðisins. Almenn umferð smábáta er heimil eins og verið hefur eftir hefðbundnum siglingaleiðum.

5. gr.

Verndun gróðurs og dýralífs.

Óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf af ásetningi á verndarsvæðinu hvort heldur er í fjöru, í sjó eða á hafsbotni. Vernda skal náttúrulegt gróðurfar og skapa skilyrði fyrir náttúrulega endurnýjun staðargróðurs með það að markmiði að standa vörð um líffræðilega fjölbreytni svæðisins.

Óheimilt er að sleppa, dreifa eða rækta framandi lífverur á verndarsvæðinu, sbr. reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda, nr. 583/2000, og lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra. Óheimilt er að stunda fiskeldi eða annað eldi sjávardýra innan verndarsvæðisins.

KLX
AS
GS

6. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð.

Jarðrask í fjöru eða á leirum og hafsbotni og önnur mannvirkjagerð er háð leyfi Kópavogsbæjar og skal vera í samræmi við staðfest skipulag. Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til framkvæmda á verndarsvæðinu þar sem hættu er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Þó eru, að höfðu samráði við Umhverfisstofnun, heimilar nauðsynlegar aðgerðir til verndunar, náttúruskoðunar og umhverfisfræðslu sem m.a. geta falist í uppsetningu fræðsluskilta og annars búnaðar í þágu útivistar þar sem því verður við komið í samræmi við skipulag.

Framkvæmdir svo sem vegna viðhalds á varnargörðum, bakkavörnum og fráveita eru heimilar. Jafnframt verði heimilt að viðhalda dýpi í og við höfnina á norðurströnd Kársness og innsiglingu hennar.

Í verndaráætlun er nánari útfærsla á heimiluðum framkvæmdum vegna viðhalds og framkvæmda í þágu útivistar og fræðslu innan verndarsvæðisins.

7. gr.

Veiði og notkun skotvopna.

Notkun skotvopna er bönnuð á svæðinu nema til eyðingar á dýrum sem valda tjóni en ætíð í samræmi við verndaráætlun og lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

Friðlýsing þessi takmarkar ekki möguleika til sjálfbærra fiskveiða eða annarra sjávarnytja á verndarsvæðinu enda valdi slíkt ekki raski á búsvæðum eða fuglalífi.

8. gr.

Umsjón og landvarsla.

Daglegt eftirlit, umsjón og rekstur verndarsvæðisins skal vera í höndum Kópavogsbæjar og Náttúrufræðistofu Kópavogs í samræmi við samning bæjarfélagsins og Umhverfisstofnunar. Málefnum sem upp kunna að koma og kalla á sérstakar ráðstafanir eða stjórnvaldsákvarðanir ber að vísa til Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun býður starfsmanni/starfsmönnum Kópavogsbæjar sem umsjón hefur/hafa með verndarsvæðinu að sækja árlegan fund landvarða og Umhverfisstofnunar sem haldinn er að hausti ár hvert.

Landvörður skal uppfylla ákvæði 29. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 sbr. 1 gr. reglugerðar um landverði, nr. 61/1990.

9. gr.

Verndar- og stjórnunaráætlun og vöktun

Umhverfisstofnun í samstarfi við Kópavogsbæ og Náttúrufræðistofu Kópavogs skal sjá um gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir verndarsvæðið sbr. d-lið 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Náttúrufræðistofa Kópavogs vaktar náttúru svæðisins og lífríki þess og gefur Umhverfisstofnun og Kópavogsbæ ábendingar um aðsteðjandi hættur og/eða um nauðsynlegar framkvæmdir í þágu verndar.

10. gr.

Fræðsla.

Umhverfisstofnun og Kópavogsbær og Náttúrufræðistofa Kópavogs hafa með sér samstarf um kynningu og fræðslu varðandi verndarsvæðið, m.a. fræðsluefnis, svo sem bæklinga

KK
S
F/SM

og skilta. Skiltagerð á svæðinu skal vera í samræmi við Skiltahandbók Umhverfisstofnunar, Vatnajökulsþjóðgarðs og Ferðamálastofu. Merki Kópavogsbæjar og Umhverfisstofnunar skal vera á öllu fræðsluefni samningsaðila um svæðið. Um skiptingu kostnaðar skal samið hverju sinni.

11. gr.

Gjaldtaka og þjónustugjöld

Kópavogsbæ er heimilt að taka þóknun fyrir þjónustu sem veitt er innan verndarsvæðisins svo sem leiðsögn um svæðið, sbr. 32. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.

12. gr.

Skipting kostnaðar

Kópavogsbær kostar laun og annan kostnað vegna daglegs eftirlits, umsjónar og rekstrar verndarsvæðisins. Um skiptingu kostnaðar sérstakra verkefna skal samið hverju sinni.

13. gr.

Skýrslugerð

Kópavogsbær skal gefa Umhverfisstofnun skýrslu ár hvert um ástand, framkvæmdir og aðra starfsemi á verndarsvæðinu. Skila skal skýrslu til Umhverfisstofnunar fyrir 1. nóvember hvert starfsár. Í skýrslunni skal tilgreina ástand lands, sjávar og lífríkis, fræðslu, umgengni, framkvæmdir og kostnað af þeim og annað sem kann að skipta máli varðandi búsvæðavernd Skerjafjarðar innan marka Kópavogsbæjar.

14. gr.

Eftirlit Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með því að umsjónar- og rekstraraðili uppfylli samningsskuldbindingar í samræmi við samning þennan, þær reglur sem gilda um náttúruverndarsvæðið, sbr. auglýsingu um friðlýsinguna í Stjórnartíðindum, 30. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, og verndaráætlun.

15. gr.

Gildistími

Gildistími samnings þessa fyrir verndarsvæðið er 10 ár frá undirritun og staðfestingu umhverfisráðherra.

16. gr.

Ákvæði um endurskoðun

Hvor samningsaðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á samningi þessum hvenær sem er. Þó skal endurskoða samninginn eigi síðar en að fimm árum liðnum.

17. gr.

Meðferð ágreiningsmála.

Umhverfisráðherra úrskurðar um ágreiningsmál varðandi samning þennan.

18. gr.

Gildistaka


Samningur þessi er í fjórum samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili einu eintaki og umhverfisráðherra einu.

Samningurinn tekur gildi við staðfestingu umhverfisráðherra.


Kok A/SJM
#34

Kópavogsbæ, 30. janúar 2012


F.h. Umhverfisstofnunar


Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri


F.h. Kópavogsbæjar


Guðrún Pálsdóttir
bæjarstjóri

F. h. Náttúrufræðistofu Kópavogs


Dr. Hilmar J. Malmquist

Staðfesting umhverfisráðherra


Svandís Svavarsdóttir
ráðherra

Vottar:

Aunn Kr. Ólafsdóttir 260366-4759

Margrét Júlía Rafnsdóttir 171259-3479

MSM

MSM